

ÍSLE3CV05

Nafn áfanga: ÍSLE3CV05

Titill áfanga: Rómantik og hryllingur í bókmenntum

Lýsing á efni áfangans:

Ertu spennt/spenntur fyrir hinu óræða og myrka í mannsálinni? Ertu hrifnari af nóttinni og myrkrinu en deginum og dagsljósinu? Finnst þér vampýrur og ódauðleiki heillandi? Viltu lesa um tvífara og ódauðlega ást?

Þorirðu að stíga yfir þröskuldinn og koma í valáfanga um heillandi hrylling skáldsögunnar og kvikmyndanna á 19. öld og fram á 21. öld?

Í áfanganum lesum við texta frá 19. og 20. öld og fræðumst um gotnesku skáldsöguna sem fjallar oft en ekki um hið óræða og myrka í mannsálinni. Þá kynnumst við helstu hryllingshöfundum samtímans og skoðum m.a. hvernig hryllingur og ástríða birtist í dægurmenningu 21. aldar.

Höfundar sem verður m.a. litið til í áfanganum eru: Edgar Allan Poe, Bram Stoker, Jónas Hallgrímsson, Mary Shelley, Oscar Wilde, Anna Rice og Stephen King, Svava Jakobsdóttir, Yrsa, Steinar Bragi og fl. Kvikmyndir Tim Burton verða til umræðu og textar hljómsveitarinnar The Cure og tónlistarmannsins Nick Cave koma einnig við sögu.

Undanfari:

ÍSLE2AB10/ÍSLE2BB05

Námsmat:

Áfanginn er próflaus en fjölbreytt verkefni unnin á önninni. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku nemenda í tímum, samvinnu og góðri ástundun. Nemendur móta námsmat áfangans í samvinnu við kennarann að hluta til en eiga að standa skil á tveimur stærri samvinnuverkefnum á önninni.